

## Minnisblað

**Viðtakandi:** Fræðslunefnd

**Efni:** Nafnaval fyrir nýjan leikskóla í Helgafellshverfi

**Dags:** 07. mars 2025

**Málsnúmer:** 202502253

**Starfsmaður:** Ólöf Kristín Sívertsen, sviðsstjóri fræðslu- og frístundasviðs

Í sumar mun verða tekinn í notkun nýr leikskóli í Helgafellshverfi í Mosfellsbæ. Ákveðið var að óska eftir hugmyndum að nafni á leikskólann og þann 10. febrúar fór í loftið auglýsing þess efnis. Þannig var bæjarbúum gefinn kostur á að koma hugmyndum sínum á framfæri á tímabilinu 10.-20. febrúar síðastliðinn. Vert er að taka fram að ekki var um nafnasamkeppni að ræða heldur var eingöngu verið að kalla eftir hugmyndum að nafni.

Í heildina komu fram um 170 hugmyndir að nafni á nýja leikskólann. Hópur á fræðslu- og frístundasviði yfirför allar tillögurnar og leggur hér fram fjórar tillögur fyrir fræðslunefnd til að velja úr.

Tillögurnar eru í stafrófsröð:

- Álafoss
- Brekkukot
- Heimsljós
- Sumarhús

Þó ekki hafi verið um samkeppni að ræða þá komu þrjár tillagnanna engu að síður oftast fyrir hjá þeim sem komu með hugmyndir að nafni á leikskólann. Ákveðið var að fjórða tillagan fengi að fljóta með þar sem hópnunum þótti hún sérlega falleg og viðeigandi.

Virðingarfyllt,

Ólöf Kristín Sívertsen